

Alþingi
Erindi nr. P 141/1495
komudagur 11.2.2013

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls) (323. mál)

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls) - 323. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 31. janúar sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls) - 323. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri á að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur eðlilegt að einstaklingur, sem telur sig vera föður barns, geti fengið úr því skorið fyrir dómi að svo sé. Er það mat stofunnar að það sé í samræmi við þau grundvallarréttindi barns að þekkja uppruna sinn.

Barnaverndarstofa telur þó rétt að benda velferðarnefnd á að eins og ákvæði 10. gr. barnalaga verður orðað eftir umrædda lagabreytingu þá eru ekki neinar hömlur á því í hvaða tilvikum unnt er að höfða slíkt mál. Fær Barnaverndarstofa þannig ekki séð að dómstólar geti stöðvað slíkan málarekstur eftir að til hans hefur verið stofnað, sbr. það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu um að dómstólum ætti að vera treystandi til þess að stöðva tilhæfulaus barnsfaðernismál. Hins vegar eru barnsfaðernismál fátíð og er það það mat stofunnar að ólíklegt sé að þeim fjölgi verulega við umrædda lagabreytingu. Einnig er einfalt að fá úr því skorið hvert faðerni barnsins með framkvæmd lífsýnarannsóknar, sem sýnir með óyggjandi hætti hvert faðerni barns er. Ef í ljós kemur eftir slíka rannsókn að um tilhæfulausa málshöfðun var að ræða má ætla að kostnaður af málarekstrinum, þ.á.m. lífsýnarannsókninni, falli á stefnanda. Ætti það að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir á grundvelli ákvæðisins.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði óskað eftir því.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu